



Samráðsgátt

Reykjavík 14.11.2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda (samræmd móttaka flóttafólks og breyting á skipan í innflytjendaráð)

Alþýðusamband Íslands fagnar því að samræma eigi þjónustu við flóttafólk en leggur áherslu á að slíkt verði til að bæta þjónustuna við alla, bæði kvótaflóttafólk og eins aðra með stöðu flóttafólks.

Fjölmenningarsetur mun með þessari tillögu taka að sér risavaxið verkefni sem það hefur ekki sinnt áður og mun án efa þurfa mikinn stuðning til að sinna. Slíkur stuðningur er forsenda þess að vel takist til.

Sveitarfélög hafa lagt mikinn metnað í móttöku kvótaflóttafólks og það er fagnaðarefni að þau hafi í miðlæga þekkingu að sækja svo það þurfi ekki að byggja upp þekkingu á hverjum stað á hverjum tíma. Þá mætti hugsa sér að teypi félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, menningarmiðlara og sálfræðinga verði til halds og trausts þegar sveitarfélög taka að sér þessi verkefni svo að reynsla og þekking miðlist vel á milli staða.

Að lokum skal minnt á grein 31. Í stuðningi stjórnvalda við lífshjálparáttirnar þar sem kveðið er á um að bæta verulega upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna, t.a.m með stofnun ráðgjafastofu og aukinni upplýsingagjöf á vefnum. Stéttarfélög hafa í því sambandi bent á að fjölmennasti viðkomustaður vinnandi fólks af erlendum uppruna er í símenntunarmiðstöðvarnar um allt land til að nema íslensku. Við óskum því eftir skipulögðu samstarfi til að efla ráðgjöf og upplýsingar til fólks af erlendum uppruna, hvort sem það er flóttafólk eða ekki.

Virðingarfyllt,

Drífa Snædal
forseti ASÍ